

## GJALDSKRÁ

### fyrir vatnsveitu Hrunamannahrepps.

#### 1. gr.

Vatnsgjald er 0,21% af fasteignamati íbúðarhúsa og lóða, þó að hámarki 56.500 kr. og að lágmarki 38.100 kr.

Vatnsgjald atvinnuhúsnaðis skal vera 0,15% af fasteignamati þó að lágmarki 65.000 kr.

Vatnsgjald sumarhúsa skal vera 38.100 kr.

Gjald fyrir byggingavatn skal vera 150 kr. á dag.

#### 2. gr.

Lágmarksheimæðagjald vatnsveitu í þéttbýlinu við Flúðir er kr. 224.439 m.v. 25 mm þvermál rörs og allt að 25 metra lengd heimæðar. Gjöldin miðast við að ídráttarrör fyrir heimlagnir hafi verið lagt á frostfrítt dýpi frá tengistað við lóðamörk að inntaksstað mannvirkis og að lega og frágangur ídráttarrörsins hafi verið tekin út af starfsmönnum veitunnar. Miða skal við að lengd heimæðar fari ekki yfir 25 m. Fyrir lengd umfram 25 m greiðist viðbótargjald.

Heimæðargjaldið hækkar í samræmi við aukinn sverleika og/eða lengd heimæðar sem hér segir:

<i>Þvermál rörs, mm</i>	<i>Verð, kr.</i>	<i>Verð á metra umfram 25 m, kr.</i>
25	224.439	3.780
32	303.300	3.912
40	394.276	5.560
50	532.287	6.161
63	745.176	6.852
70	1.080.505	7.666

#### *Byggingavatn:*

<i>Byggingavatnaskrani til og með 50 mm</i>	<i>Verð kr.</i>
Uppsettur byggingavatnaskrani, heildarvinna	83.018
Aftenging byggingavatnskрана, yfirborð frágengið	72.087

Verðið gildir þegar tengt er við heimæðarenda sem kominn er inn fyrir lóðamörk. Veitan leggur til búnað við tengingu byggingavatns. Greitt er daggjald fram að aftenginu. Byggingavatnaskrani er aftengdur um leið og heimtaug er tengd inn í hús og þá er ekki greitt sérstaklega fyrir aftengingu. Við aðrar aðstæður og stærri tengingu en 50 mm er tenging gjaldfærð í samræmi við raunkostnað.

#### 3. gr.

Í fyrirtækjum og annars staðar þar sem vatn er notað til annars en venjulegra heimilisþarfa, vegna atvinnu, sem í þeim er rekin, skal auk vatnsgjalds greiða sérstakt notkunargjald. Notkunargjald skal notandi að jafnaði greiða samkvæmt notkun vatns mældri í rúmmetrum. Notkunargjald er 30 kr./m<sup>3</sup>.

Fyrir rennismæla skal greidd árleg mælaleiga eftir stærð mælis:

15 mm	10.256 kr.
20 mm	10.444 kr.
25 mm	13.470 kr.
32 mm	15.054 kr.
50 mm	22.170 kr.
80 mm	58.023 kr.

4. gr.

Stofngjöld utan þéttbýlis skal reikna sérstaklega og miðað við að þau standi undir þeim kostnaði sem af verki hlýst. Landeigandi greiðir þann kostnað sem hlýst af tengingu kalds vatns inn á svæðið eða að býli.

Að auki skal landeigandi greiða kr. 28.880 kr. á skipulagða lóð lögbýli skal greiða 138.672 kr. Við upphaf verksins skal greiða 65% af kostnaðaráætlun þess og 35% þegar lagningu er lokið.

5. gr.

Gjald dagar vatnsgjalds eru þeir sömu og ákveðnir eru fyrir fasteignagjöld og skal innheimtu hagað á sama hátt og innheimtu fasteignagjalda.

6. gr.

Gjaldskrá þessi og reglur voru samþykktar af veitustjórn Hrunamannahrepps þann 3. nóvember 2020 og sveitarstjórn Hrunamannahrepps þann 5. nóvember 2020 í samræmi við heimild í 10. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga, 11. gr. reglugerðar um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005 og III. kafla vatnalaga nr. 15/1923. Gjaldskrá þessi tekur gildi við birtingu og fellur þá úr gildi gjaldskrá vatnsveitu í Hrunamannahreppi nr. 1092/2019.

*Hrunamannahreppi, 10. desember 2020.*

**Jón G. Valgeirsson** sveitarstjóri.